

**Nd.**

**499. Frumvarp**

til laga um innflutningsbann á niðursoðinni mjólk og mjólkurdufti.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson, Pétur Ottesen.

1. gr.

Bannað er að flytja til landsins niðursoðna mjólk og mjólkurduft.

2. gr.

Atvinnumálaráðherra er heimilt að setja með reglugerð hámarksverð á innlenda niðursoðna mjólk, og má í reglugerðinni ákveða sektir fyrir brot.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum 1. gr. varða sektum frá 200—5000 kr., og renna þær í rikissjóð. Ólöglega innflutt mjólk skal upptæk gerð og andvirði hennar renna í rikissjóð.

4. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerð þeirri, er sett kann að verða samkv. 2. gr., skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Eins og vitanlegt er, þá er nú starfrækt innanlands fullkomin mjólkur-niðursuðuverksmiðja, sem fullnægir þörf landsmanna fyrir þá vöru, og virðist því sjálfsagt að tryggja hinum innlendu framleiðendum innlendan markað. Þetta hefir nú verið gert síðastliðið ár með framkvæmd innflutningshaftanna.

En þar sem engin víska er fyrir um það, hve lengi innflutningshöftin standa eða verða framkvæmd á þennan hátt, álitum við flutningsmenn réttast að tryggja þetta með lögum. Til þess hinsvegar að tryggja neytendum sannjarnt verð á mjólkinni álitum við rétt að gefa ríkisstjórninni heimild til að setja hámarksverð á hana.